## Byggingarlýsing:

Flatholt 2, Flúðum, Hrunamannahreppi
Seyruvinnsla
Landnúmer: L228734

Fyrirhugað er að byggja hús yfir seyruvinnslu á staðnum.

Húsið, sem fellur undir notkunarflokk 1, verður eitt stórt aðalrými á jarðhæð þar sem seyruvinnsla fer fram. Kalkgeymsla verður norðan til í húsinu. Tveggja metra hár steinsteyptur veggur verður að hluta til á milli kalkgeymslu og seyruvinnslu.
Húsið verður óupphitað.
Ekki verður föst viðvera starfsmanna í húsinu en aðstaða starfsmanna verður í aðstöðuhúsi norðaustar á lóðinni, þó skal setja upp nauðsynlegan öryggisbúnað fyrir starfsfólk í húsinu.
Byggingin verður í notkunarflokki 1 skv. gr. 9.1.3 í byggingarreglugerð.

Húsið verður reist yfir svæði þar sem er að hluta til búið að byggja upp til vinnslu á seyru.
Undirstöður byggingarinnar verða úr járnbentri steinsteypu sem verða grundaðar á niðurreknum staurum niður á burðarhæft efni. Gólf verða ýmist steypt eða malbikuð.
Yfirbygging hússins verður úr stálgrind. Brunamótstaða burðarvirkis skal vera a.m.k. R60. Húsið verður klætt með stálklæddum samlokueiningum, (pir), 40/72 mm þykkum, bæði á þaki og veggjum.
Einingar skulu hafa hlotið samþykki brunayfirvalda.

Gönguhurðir út úr húsinu verða fjórar. Tvær úr aðalrými hússins, önnur til suðausturs og hin á suðvestur gafli og tvær úr kalkgeymslu, önnur til suðausturs og hin á norðaustur gafli hússins.
Rafdrifnar iðnaðarhurðir verða fjórar, allar á suðausturhlið hússins.
Gönguhurðir verða úr pvc með stálprófílum.
Árekstrarvarnir verða við iðnaðarhurðir á jarðhæð.

Ljósplötur á þaki verða jafnframt reyklosunarop og skulu vera úr auðbrennanlegu efni (polycarbonat) og >5% af gólfflatarmáli.

Loftun verða á sitthvorum gafli hússins. Hvor um sig skal vera 4m$^2$ að stærð.

Setja skal upp búnað og skynjara til að tryggja loftgæði í húsinu.

Inntök vatns og rafmagns verður sunnan til í húsinu, við suðaustur vegg.
Vatnslagnir verða í rörum í gólfi og utanáliggjandi, einangraðar og frostvarðar.

Frárennsli verður leitt í rotþró suðvestan við húsið.

Reykskynjara skal setja upp í húsinu.
Slöngukefli verður staðsett þannig að ná megi í öll horn byggingarinnar með 30m slöngu.
Handslökkvitæki verða valin og staðsett í samráði við slökkvilið.
Neyðarlýsingu skal setja upp skv. ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172
Útljós skal setja við útgöngudyr og flóttaleiðir.
Neyðarlýsing skal háð rafhlöðum.

Útveggjaklæðning hússins verður í dökkgráum lit.

Allur frágangur, efni og smíði hússins skal vera samkvæmt byggingarreglugerð.

Allur aðbúnaður skal vera í samræmi við leiðbeiningar frá Vinnueftirliti ríkisins.

Nákvæm hæðar- og staðsetning hússins skal miða við þá vinnsluaðstöðu sem fyrir er á staðnum.

## Skýringar á táknum:

Noteininganúmer 0101
Hæðakótar 0,00 0,00
nf Niðurfall
T Rafmagnstafla
UT Útljós
SL Slökkvitæki
R Reykskynjari
Bsl.30m Brunaslanga 25mm, L=30m
Reyklosun (50m²)

Helstu stærðir:
(sjá skráningartöflu)

Brúttóflatarmál ........................................... 879,8m²
Brúttórúmmál ........................................... 8542,5m³

Skráningartafla: Flatholt 2, Hrunamannahreppi
Landnúmer: L228734
Matshlutanúmer: 01
Útgáfa: 4.01b

Skrásetjari: Svava Steingrímsdóttir
Kennitala: 160971-5929
Dags.: 29.5.2019

| Uppskipting og lýsing | | | | | Stærðir | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Höfuð-flokkun | D4 Eignar-hald | D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D16 Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | D17 Skipta-rúmmál m³ |
| | | **Matshluti** | | | 879,8 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 879,8 | 0,0 | | | 8.542,5 | 835,8 | 879,8 | | 7.948,458 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 176,0 | | | | |
| | 01 | **1. hæð** | | | 879,8 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 879,8 | 0,0 | | | 8.366,5 | 835,8 | 879,8 | | |
| A | 0101 | **Seyruvinnsla** | N | 0101 | 879,8 | | | | 879,8 | | 7,34 | 11,43 | 8.366,5 | 835,8 | 879,8 | 9,51 | 7.948,458 |
| | 02 | **Þak** | | | | | | | | | | | | | | | |

**Athugasemdir**

Við rúmmálsreikninga er miðað við meðalgólfkóta 71,5m

**Sameignir sumra**

**Eignarhald**

| Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Skiptarúmmál Séreign m³ | Skiptarúmmál Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|
| 0101 | **Seyruvinnsla** | 879,8 | 7.948,458 | 7.948,458 |
| | **Alls** | 879,8 | 7.948,458 | 7.948,458 |

O:\H\Hrunamannahreppur_2775\017_Seyrusvæði Flúðum\09 Teikningar\2775-017_0_02.dwg

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Sambykkt
20. júní 2019
Davíð Sigurðsson
Byggingarfulltrúi

Vistað 23.7.2019 12:07:20 Útprentun 12:08:16

| ÚTG. | DAGS. | ÚTGÁFUFERILL | HANNAÐ | TEIKN. | YFIRF. |
|---|---|---|---|---|---|

2556-19

EFLA

# Flatholt 2, Hrunamannahreppi

845 Flúðum
Seyruvinnsla

Aðaluppdráttur
Byggingarlýsing og skýringar
Skráningartafla

| TEIKNINÚMER | BLAÐSTÆRÐ | | |
|---|---|---|---|
| 2775-017 | A2 | HANNAÐ: | GH |
| 01_0_02-02 | | TEIKNAÐ: | SSt |
| | | YFIRFARIÐ: | GH |

| DAGS. | MÆLIKVARÐI | ÚTGÁFA |
|---|---|---|
| 23.07.2019 | | A |

Hönnuður: Guðmundur Hjaltason kt. 070966-5579
Hönnunarstjóri: